

Samkomulag um endurskoðun á viðræðuáætlun

Samninganefnd ríkisins og Starfsgreinasamband Íslands (AFL Starfsgreinafélag, Aldan stéttarfélag, Bárán stéttarfélag, Drifandi stéttarfélag, Eining-Iðja, Framsýn stéttarfélag, Stéttarfélag Vesturlands, Stéttarfélagið Samstaða, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Verkalýðsfélag Þórshafnar, Verkalýðsfélagið Hlíf, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis og Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis) sammælast um að endurskoða viðræðuáætlun sem undirrituð var 31. janúar 2019. Aðilar munu ræða saman undir friðarskyldu með það að markmiði að ljúka endurnýjun kjarasamnings fyrir 15. september 2019.

1. gr.

Viðræðutímabil

Aðilar eru sammála um að stefna að gerð nýs kjarasamnings fyrir 15. september 2019.

2. gr.

Skipulag viðræðna

Á vettvangi heildarsamtaka er nú unnið að samkomulagi um launaþróunartryggingu, breyttu fyrirkomulagi vinnutíma og fleiri veigamiklum atriðum. Aðilar eru sammála um að þessi vinna muni taka lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir og mikilvægt að samtalið hafi tekið á sig skýrari mynd áður en tímabært er að taka upp sérmál hvers stéttarfélags.

3. gr.

Skipulag viðræðna og vinnubrögð

Aðilar eru sammála um að skipulagðar viðræður verði teknar upp að nýju í ágúst. Fundarefni, fundartími og lengd funda verður ákveðin hverju sinni. Stefnt skal að því að fundartími verði að jafnaði á milli kl. 9:00 og 16:30 á virkum dögum.

4. gr.

Endurskoðun viðræðuáætlunar

Hafi aðilar ekki lokið endurnýjun kjarasamningsins fyrir 15. september 2019 eru þeir sammála um að meta stöðu viðræðna með tilliti til þess hvort viðræðum verði fram haldið á grundvelli endurskoðunar á viðræðuáætlun eða að málinu verði vísað til sáttameðferðar hjá ríkissáttasemjara.

5. gr.

Friðarskylda og eingreiðsla

Aðilar sammælast um að á gildistíma framlengdrar viðræðuáætlunar ríki friðarskylda. Með hliðsjón af því svo og þess að aðilar eru sammála um að sá tími sem áætlaður var til að ræða þær umfangsmiklu kerfisbreytingar sem m.a. felast í hugsanlegri launaþróunartryggingu, breyttu fyrirkomulagi vinnutíma og fleiri atriðum hafi verið vanmetinn. Þar sem langt er síðan gildistími síðustu kjarasamninga rann sitt skeið, eru aðilar ásáttir um að innágreiðsla að upphæð 105.000 kr. verði greidd hverjum starfsmanni miðað við fullt starf. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall á tímabilinu frá og með 1. apríl 2019 til og með 30. júní 2019. Greiðslan kemur til útborgunar 1. ágúst 2019.

Það er sameiginlegur skilningur aðila að ofangreind fjárhæð sé hluti fyrirhugaðra launabreytinga og gildistíma hins endurnýjaða kjarasamnings og verði metinn sem hluti kostnaðaráhrifa hans.

Reykjavík, 25. júní 2019.

Undirritunarsíða

F.h. Starfsgreinasambands Íslands
Halldóra Sigríður Sveinsdóttir

F.h. samninganefndar ríkisins
Halldóra Friðjónsdóttir